

Stjórnarfundur LH 28. janúar 2005

3. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Guðný Ívarsdóttir, Sigurður Emil Ævarsson og Einar Ragnarsson og úr varastjórn Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn samþykkt með smá viðbót.

2. Skipan í nefndir LH – framhald

Aganefnd. Formaður nefndarinnar verður Guðni Indriðason, Herði, aðrir nefndarmenn eru Atli Már Ingólfsson, Sörla og Þórarinn Þórarinnsson, Mána. Varamenn eru: Þorvaldur Sigurðsson, Andvara og Sæþór Fannberg, Fákí.

Dómaranefnd. Ágúst Hafsteinsson, formaður, Hörður Hákonarson og Sigurður Ævarsson. Óska eftir tilnefningu frá dómarafélögunum í nefndina.

Nefnd um val hesta í Landsmót. Ákveðið að bíða með að skipa nefndina.

Staðarvalsnefnd. Beðið með að skipa nefndina. Starf og skipulag nefndarinnar verður samkvæmt samþykkt á þingskjali 40 á landsþingi LH.

3. Reiðvegamála

Tilnefning er loks komin frá allflestum félögum landsins. Halldór Halldórsson er að semja skipurit fyrir nefndina og eins landshlutaneftir. Í því fellst m.a. hvernig uppgjör skal fara fram að framkvæmdum loknum. Nauðsynlegt að fara að boða fundi um landið. Halldór og Jón halda áfram að vinna í málinu.

Það þarf að mynda samstarfshóp sem samræmir áætlanir og hvernig hægt verður að halda áfram að GPS staðsetja reiðvegi.

4. Mótafengur og Kappi

Samningur hefur verið gerður milli Bændasamtaka Íslands og LH um þróun á mótakerfi LH. Mótafengur og Kappi verða í eigu og umsjá BÍ sem sér um utanum hald og uppfærslur á kerfinu. LH greiðir BÍ þjónustugjöld og tekur að einhverju leiti þátt í að fjármagna lokaþróun kerfisins.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir einhverjum kostnaði sem kemur að hluta til baka í gegn um þjónustugjöld frá félögunum. Fram kemur að átaksverkefnið hefur lagt fram styrk til þróunar kerfisins. María Þórarinsdóttir skipað í stjórn verkefnisins að hálfu LH.

5. Önnur mál

- a) **Æskan og hesturinn** sækir um styrk vegna sýningar í Reiðhöllinni. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 200.000,- og hvetja þau til áframhaldandi góðra verka.
- b) **Fundur með landbúnaðarráðherra.** Þar voru rædd ýmiss mál m.a. fyrirkomulag á átaksverkefninu í framtíðinni. Í framhaldi af fundinum átti formaður LH fund með Hákonni Sigurgrímssyni um nánari útfærslu og hlutverk LH í þessu verkefni. Megin viðhorf LH er að ekki verði stofnað til nýrrar stofnunar þar sem of miklir fjármunir fari í rekstur og nýtast því ekki sem skyldi.

- c) **Fundur var með formanni og framkvæmdastjóra Landsmóts ehf.** um uppgjörsmál fyrir 2004 og samstarfssamning um skrifstofuaðstöðu til frambúðar. Sigrún Ögm semur drög að samningu og gengur frá málinu ásamt formanni LH.
- d) **LH fékk styrk úr afreksmannasjóði ÍSÍ fyrir árið 2005** að upphæð kr. 1.000.000,-, sem er hæsti styrkur sem Íþrótt- og Ólympíusambandið hefur veitt til landsliðsmála hestamanna.
- e) **Styrktarsamningar.** Mjög þungt að gera langtíma samninga og erfiðlega gengur að halda sambandi við KB-banka. VIS er hins vegar tilbúið í slíkan samning. Jóni heimilað að ganga frá þessum samningum. Drög að samningi við RÚV er í burðarliðnum. Flugleiðir eru tilbúnir að gera samning – Jóni falið að ganga frá málinu.
- f) **Fréttabréf LH** verður að koma út tvisvar á ári. Nauðsynlegt að spara dreifingarkostnað sem er óheyrilegur. Skrifstofan athugi með póstskrár félaganna til að einfalda vinnuna.
- g) **Keppnisnefnd** falið að sjá um kynningu á FIPO, vantar kostnaðaráætlun.
- h) **Kynbótanefnd.** Búið er að hafa samband við Hannes Hjartarson, Jóhann Þorsteinsson og Vilberg Skúlason, sem sýna málinu mikinn áhuga. Verður þeim sent bréf um að þeim sé falið verkefnið ásamt fulltrúa úr stjórn LH – Guðnýju Ívarsdóttur, gjaldkera.
- i) **Fagráð í hrossarækt.** LH sækir um að fá aftur sinn fulltrúa viðurkenndan í fagráð. Hefur það fengið misjafnar undirtektir og þarf að fylgja málinu fast eftir og senda réttum aðilum bréf þar að lútandi. Hugsanlega þarf að fá e-h reglugerðum breytt og verður þá að ganga í það mál á réttum vettvangi. Málið í bið.
- j) **Menntamál.** Fundur var hjá Herdísí Reynisdóttir um menntamál. Herdís telur rétt að skipa nokkurs konar framkvæmdanefnd til að sjá um praktíska hluti s.s. undirbúning að atburðum og ráðstefnum. Athuga þetta betur áður en nefndin er sett á laggirnar. Um málefni skólakennslu að þá er það afgreitt jákvætt úr ráðuneytinu og nú er komið að því að semja námskrá, lykil fyrir námið, og koma því af stað í fjölbrautarkerfinu.
- k) **Fundur FEIF í Kaupmannahöfn.** Kynnt var dagskrá á ráðstefnufundi FEIF í Kaupmannahöfn helgina 11.-13. febrúar n.k. Vegna kostnaðar verður að einskorða þátttöku LH við þá sem nauðsynlega þurfa að fara vegna starfa í nefndum og síðan Sigrún Ögm. vegna æskulýðsmótsins hér í sumar og menntanefndar FEIF.
- l) **Rekstur LH.** Fyrirkomulag á daglegu starfi og fjármálum. Nauðsynlegt að stjórnarmenn geri sér grein fyrir þörfum og hvernig má kljúfa breytingar fjárhagslega. Best að halda sér fund um framtíðarrekstur LH.
- m) **Afmæli hestamannafélagsins Gusts.** Jóni falið að færa félaginu gjöf

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*